

Ed.

167. Frumvarp

til laga um afnám laga nr. 6, 13. júlí 1918, um eftirlaun handa Birni banka-
stjóra Kristjánssyni.

Flutningsmaður: Jónas Jónsson.

Lög nr. 6, 13. júlí 1918, eru úr gildi numin.

Greinargerð.

Þegar litið er á fjármálaástandur landsins, eins og þær eru nú, virðist ein-
sætt að spara á þeim liðum, þar sem landsfje er eytt án þess að ástæður sjeu
knýjandi. Þingið 1918 veitti B. Kr. ellistyrk með sjerstökum lögum. Þau lög má
vitaskuld afnema með öðrum lögum. Þegar ellistyrkur þessi var veittur, munu
þingmenn hafa skilið styrkþega svo, að hann væri blásnaður maður, og bygt á
því aðgerðir sínar. Síðan hefir komið í ljós efi um, að sá grundvöllur hafi verið
rjettur. Og ef styrkþegi skyldi í rauninni vera með rikari mönnum á landinu,
eins og alment er álitíð að hljóti að vera, er um leið fallin burtu sú ástæða, sem
mun hafa ráðið atkvæðum margra þingmanna, þegar lög þessi voru gerð.